

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 157/2023

2023/EES/87/14

frá 13. júní 2023

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/511 frá 24. nóvember 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir útreikning fjárhæðar áhættuveginnar áhættuskuldbindingar sjóða um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt umboðsaðferðinni ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 14azzi (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2328) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„14azzk. **32023 R 0511**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/511 frá 24. nóvember 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir útreikning fjárhæðar áhættuveginnar áhættuskuldbindingar sjóða um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt umboðsaðferðinni (Stjtið. ESB L 71, 9.3.2023, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/511, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 71, 9.3.2023, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.